

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
14. júlí 2011 10.5.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. júlí 2011
Tilvísun: UST20110700076/bs

Framkvæmd vegna Reykjanesbrautar, undirgöng við Straumsvík. Umsögn

Visað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. júlí sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að byggja 9,0 m breið og um 23 m löng undirgöng undir Reykjanesbraut og að lagðir verði alls við um 1,7 km af vegum. Af því eru nýir vegir um 0,6 km. Reykjanesbraut liggur fram hjá álverinu í Straumsvík á löngum kafla. Á þeim kafla hefur landslagi verið raskað beggja vegna vegarins og svæðið er mjög einsleitt. Helstu áhrifin verða á svæði þar sem ennþá er óraskað hraun, sunnan við Reykjanesbraut og vestan við tengingu að álverinu. Þar verður Reykjanesbraut breikkuð um 3 m. Nýr vegur liggur hvergi um votlendi. Hún raskar hvorki fjöru, strönd eða tjörnum. Talið er að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd verður á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þessu svæði hefur þó að mestu verið raskað vegna vegagerðar og efnistöku. Þrátt fyrir þetta bendir Umhverfisstofnun á að reynt verði að takmarka frekara rask á hrauni eins og kostur er.

Fyrirhuguð framkvæmdi er að hluta innan svæðis nr. 112 á náttúruminjasrá. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: *Fjörur, strendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal.* (2) Náttúruverndargildi svæðisins er helst talið vera: *Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.*

Fram kemur í gögnum Vegagerðarinnar að við fyrirhugaða framkvæmd verði *hvorki raskað fjöru, ströndum eða tjörnum*. Í skýrslu ISOR um gerð undirganga við Straumsvík með tilliti til sjávarfalla og grunnvatnsborðs kemur fram að neðsti hluti undirganga verður nokkuð ofan við grunnvatnsborð. Þó gæti há sjávarstaða hækka grunnvatnsborð í undirgöngum við ákveðnar aðstæður.

Umhverfisstofnun telur því litlar líkur á því að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á tjarnir við Straumsvík hvorki með beinum né óbeinum hætti.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri